

kaupstaðar, uppkveðnum 5. desor. f. a., í dánarbúi Þorláks heitins Guðmundssonar í Eskihlíð, er tekið hafði verið til opinberrar skiftameðferðar. Tveir dótturmenn Þorláks, hinir stefndu, voru aðilar deilumáls þess, er ráðið var til lykta með úrskurðinum. Áfrýjunarstefnan hefir þó eigi verið birt fyrir þeim, og með því að eigi sést af málsskjölunum, að þeir hafi veitt umboðsmanni sínum fyrir skiftaréttinum, en fyrir honum hefir áfrýjunarstefnan verið birt, heimild til þess að taka á móti stefnu í málinu, verður ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum, sjá lög nr. 19 2. okt. 1895, 1. gr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu frávísað.

Nr. 35/1906:

Jón Stefánsson fyrir hönd
Pöntunarfélags Fljótsdalshéraðs
gegn
bæjargjaldkera og bæjarstjórn
Seyðisfjarðarkaupstaðar.

D ó m u r:

I nóvembermánuði 1904 lagði niðurjöfnunarnefndin í Seyðisfjarðarkaupstað 400 króna aukáútsvar til kaupstaðarins fyrir árið 1905 á Pöntunarfélag Fljótsdalshéraðs. Kærði þá félagið yfir útsvarinu, að það væri of

hátt eftir veltu og arði í söludeild félagsins, er það taldi útsvarið eiga að miðast við, en nefndin sinti ekki kær-
unni, heldur hækkaði aftur á móti útsvarið um 200 kr.,
eða upp í 600 kr., eftir kæru annars gjaldanda í kaup-
staðnum. Kærði félagið þá til bæjarstjórnar, en hún
synjaði um niðurfærslu á útsvarsupphæðinni. Þegar að
gjaldlega kom greiddi Pöntunarfélagið eigi bæjargjald
sitt fyrir nefnt ár (1905), en það var auk útsvarsins,
fyrtdra 600 króna, lóðargjald o. fl. 49 kr. 68 a., og
var því krafist lögtaks á hvorritveggju upphæðinni hjá
bæjarfógeta, og kom það til framkvæmdar hinn 15. jan.
f. á. Var þá Pöntunarfélagið krafð um bæjargjaldið alt
649 kr. 68 a. og lögtakskostnað 6 kr., eða alls 655 kr.
68 a. Greiddi áfryjandi þá fyrir félagsins hönd góð-
viljuglega lóðargjaldið o. fl. 49 kr. 68 a., en af auka-
útsvarinu að eins 260 kr., sem hann taldi hæfilegt út-
svar á söludeild félagsins samanborið við útsvar annarra
verzlana í kaupstaðnum, en hann neitaði að greiða hinn
hlutann af útsvarinu, 340 kr., sem ranglega lagðan á
hina eiginlegu pöntunarstarfsemi félagsins, og sömuleiðis
lögtakskostnaðinn, 6 kr., og voru þessar upphæðir, samtals
346 kr., því samkvæmt samstundis uppkeðnum úr-
skurði fógetans teknar lögtaki, í peningum, er áfryjand-
inn sem reqviritus vísaði á í því skyni.

Þessum fógetaúrskurði og lögtakinu hefir pöntunar-
stjóri Jón Stefánsson nú fyrir Pöntunarfélagsins hönd
áfrýjað til yfirdómsins að fengnu uppreistarleyfi, dags.
6. júlí f. á., með stefnu, útgefinni 7. s. m., og krafist
þess, fyrst og fremst, að málinu verði vísað heim til
nýrrar og löglegrar meðferðar og úrskurðar, en til vara,
að Pöntunarfélagið sem slíkt verði leyst frá þeirri skyldu.

að svara aukaútsvari til Seyðisfjarðarkaupstaðar, en að útsvar söludeildar þess verði miðað við veltu og arð félagans í deildinni án tillits til heildarinnar, og að bæjarstjórnin verði skylduð til að endurborga það sem félagið hafi greitt miðað við heildina, sem sé þá upphæð, er sé fram yfir það, er réttilega beri að leggja á söludeildina. Svo krefst áfrýjandi og hjá bæjarstjórninni endurgjaldskostnaðar þess, er fjárnámið hafi haft í för með sér og málskostnaðar fyrir báðum réttum. Hin stefnda bæjarstjórn hefir fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málsfærslumann, og hefir hann, sem jafnframt hefir mætt í yfirdóminum af hálfu hins stefnda bæjargjaldkera, krafist þess, fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að úrskurðurinn verði staðfestur, og hvernig sem fer, að hinum stefndu verði dæmdur hæfilegur málskostnaður, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, þar með hæfileg málsfærslulaun til sín.

Það var engin ástæða til að stefna niðurlögnarnefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar í þessu máli, eins og haldið hefir verið fram af hálfu hinna stefndu, þó að nefnd þessi hafi jafnað á gjaldi því, er hið áfrýjaða lögtak var gjört fyrir. Frávísunarkrafa stefndu verður því eigi tekin til greina. Þá er heldur eigi nein ástæða til heimvísunar málsins, eins og krafist hefir verið af áfrýjanda, enda hefir hann eigi fært nein ábyggileg rök fyrir því.

Að því er snertir kröfur þær, er áfrýjandi hefir gjört um aðalefni málsins, þá eru þær heldur eigi svo lagaðar, að þær verði teknar til greina í dómi í málinu. Svo er um þá kröfu, að Pöntunarfélagið sem slíkt verði leyst frá þeirri skyldu að svara aukaútsvari til Seyðisfjarðarkaupstaðar, því að það er viðurkennt af áfrýjanda, að

félagið sé að nokkru leyti útsvarsskylt í kaupstaðnum, nefnilega að því leyti sem það rekur þar verzlun í söludeild félagsins. Þá heyrir það eigi undir yfirdóminn að meta hæfilegt útsvar á söludeild félagsins, »miðað við veltu og arð félagsins í deildinni«, eða að ákveða þá upphæð (af hinu lögtekna gjaldi) er sé fram yfir það, er leggja beri á söludeildina, og geta þar að lútandi kröfur áfrýjanda því eigi komið til álita í réttinum. Í sambandi við þetta skal það tekið fram, að lög nr. 7, 6. marz 1896 snerta að eins sveitarfélög landsins, en eigi bæjarfélögin, og hafa því eigi gjört neina breytingu á lögum um bæjarstjórn á Seyðisfirði 8. maí 1894, 20. gr. Og þar sem aðrar kröfur eru eigi fram komnar frá áfrýjanda hálfu, sérstaklega eigi nein krafa um ógilding hins áfrýjaða úrskurðar, ber að staðfesta hann samkvæmt kröfu hinna stefndu.

Áfrýjanda ber eftir þessum úrslitum að greiða hinum skipaða málsfærslumanni bæjarstjórnarinnar fyrir yfirdómi málf lutningskaup, er ákveðst 25 krónur, og vottast það, að málsfærslan af hans hendi hefir verið lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður ásamt eftirfarandi lögtaksgjörð á að vera óraskaður. Áfrýjandinn pöntunarstjóri Jón Stefánsson fyrir hönd Pöntunarfélags Fljótshéraðs greiði hinum skipaða málsfærslumanni hinnar stefndu bæjarstjórnar, málf lutningsmanni Eggert Claessen, í málf lutningskaup fyrir yfirdómi 25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.